

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 12. mars kl. 09:15, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 812.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hildur Gunnarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Lilja Grétarsdóttir og Ólafur Melsted.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Bauganes 3A, Kvistur - breytingar efri hæð** (16.720.11) Mál nr. BN058856
Skjalnr. 11404
Silja Björg Halldórsdóttir, Bauganes 3A, 102
Halla Ruth Halldórsdóttir, Bauganes 3A, 102
Guðrún Ruth Viðarsdóttir, Bauganes 3A, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi efri hæðar, byggja kvist á norðurþekju íbúðarhúss, mhl.01, gera svalir ofan á þak geymslu, mhl.02, og stiga þaðan niður í garð á lóð nr. 3A við Bauganes. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir yfirlýst samþykki eigenda lóðar nr. 5 við Bauganes dags. 14. febrúar 2021 og lóðar nr. 44A við Einarsnes dags. 14. febrúar 2021 ásamt yfirliti breytinga á uppdráttum samþykktum 2. febrúar 1972. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt
- Brúnastekkur 8, (fsp) bílskúr** (04.615) Mál nr. SN210181
Skjalnr. 14426
Ydda arkitektar ehf., Pósthólf 462, 107 Reykjavík
Sandra Steingrimsdóttir, Brúnastekkur 8, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Yddu arkitekta ehf. dags. 10. mars 2021 um að gera nýjan bílskúr á norðurhlíð hússins á lóð nr. 8 við Brúnastekk og nýta núverandi bílskúr sem íverurými og hluta neðri hæðar hússins, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta ehf. dags. 5. mars 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Njálsgata 37, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.19) Mál nr. SN210121
Skjalnr. 13347
Jakobssynir ehf., Glaðheimum 26, 104 Reykjavík
Miðbær fasteignasala ehf., Starmýri 2, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jakobssona ehf. dags. 12. febrúar 2021 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.0, Njálsgötureitur 1, vegna lóðarinnar nr. 37 við Njálsgötu sem felst í fjölgun íbúða þannig að í húsnaðinu verði sex íbúðir. Um er að ræða breytingu á 2. og 3. hæð hússins sem felst í að heimilt verði að vera með tvær íbúðir á hvorri hæð. Jafnframt er óskað eftir að setja svalir á bakhlið 2. og 3. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. Benjamíns Magnússonar ehf. dags. 15. september 2016.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Langagerði 96, (fsp) stækkun húss o.fl.**

Mál nr. SN210158
Skjalnr.

Atli Már Ágústsson, Langagerði 96, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Atla Máss Ágústssonar og Hjördísar Elvu Valdimarsdóttur dags. 24. febrúar 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 96 við Langagerði ásamt stækkun á kvistum hússins og setja nýjan kvist að sunnanverðu, samkvæmt uppdr. Teiknistofu VGG dags. 17. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt.

5. **Þverholt 13, breyting á deiliskipulagi**

(01.244.1)

Mál nr. SN210151
Skjalnr. 7538

ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur

Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 24. febrúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einholts-Þverholts vegna lóðarinnar nr. 13 við Þverholt. Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa sex hæða íbúðarhús á lóðinni, með að hámarki 38 íbúðum, þar sem 5. og 6. hæð eru inndregnar. Í bílgeymslu verða 25 bílastæði, en ekið verður í bílgeymslu nyrst á lóðinni. Lóð austan við hús verður í samræmi við lóð á reit E og innan lóðar verður tenging frá lóð að Þverholti ásamt því að tenging milli baklóða reits E og Þverholts 13 verður tekin upp á ný á lóð Þverholts 13, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 24. febrúar 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

6. **Blönduhlíð 9, (fsp) kvistir og svalir**

Mál nr. SN210150
Skjalnr. 12420

Guðrún Björg Ragnarsdóttir, Blönduhlíð 9, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Guðrúnar Bjargar Ragnarsdóttur dags. 22. febrúar 2021 um að setja tvo kvisti og svalir á húsíð á lóð nr. 9 við Blönduhlíð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt.

7. **Efstasund 67, Hækka þak, kvistir, svalir og áður gerðum skúr og bílastæði flutt**

(14.101.12)

Mál nr. BN058832
Skjalnr. 13569

Ragnar Björnsson, Efstasund 67, 104 Reykjavík
Sylvía Svavarsdóttir, Efstasund 67, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og endurinnrétta rishæð, skipta lóð í tvo sérafnofletti, framlóð tilheyri eign 0101 og baklóð eign 0001 og eru bílastæði aðskilin frá hverju öðru og er bílastæði 0001 flutt í suð-austur horn lóðar auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum skúr í norðvestur horni lóðar nr. 67 við Efstasund. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. febrúar 2021 og samþykki eigenda á Efstasundi nr. 65, 68, 69 og Skipasundi nr. 60 fylgja dags. 4. febrúar 2021. Hækkun rís: XX ferm., XX rúmm. Skúr stærð er : 24,4 ferm., 64,8 rúmm. Gjald kr. 12.100

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt.

8. **Vesturlandsvegur, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210196
Skjalnr. 12322

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Í breytingunni felst færsla á skipulagsmörkum á nokkrum stöðum, áætluð akstursundirgöng sunnan Grundarhverfis eru felld niður, almennar stígabreytingar, svæði fyrir hljóðvarnir skilgreindar o.fl., samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Einnig er lögð fram greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla dags. 7. júní 2018, br. 8. mars 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

9. **Kjalarnes, Árvellir, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210195
Skjalnr. 10154

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Árvalla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að Esjunni um 8-13 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

10. **Kjalarnes, Hof, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210191
Skjalnr. 10176

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjuhofs á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Esjuhofs hliðrast um 2-3 m til austurs, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

11. **Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN210188
Skjalnr. 10151

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Saltvíkur er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, vegna breyttrar legu á nýjum stíg í tengslum við ný undirgögn undir Vesturlandsveg, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

12. **Kjalarnes, Skrauthólar, breyting á deiliskipulagi** (33.2)

Mál nr. SN210187
Skjalnr. 10158

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Skrauthóla er færð til austurs um nokkra metra, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, auk þess að stofnstíg er bætt við, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

13. **Kjalarnes, Sætún 1, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210189
Skjalnr. 10219
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sætúns 1 á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Sætúns 1 er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að Vesturlandsvegi færast í lóðarmörk milli svæðis F annars vegar og hins vegar svæða A og B, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 4. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
14. **Kjalarnes, Vallá, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210186
Skjalnr. 10157
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun vesturluta deiliskipulags Vallá er færð vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
15. **Kollagrund 2, Klébergsskóli, breyting á deiliskipulagi** (32.484) Mál nr. SN210193
Skjalnr. 10170
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðar Klébergsskóla á Kjalarnesi, Kollagrund 2. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að skólanum um u.þ.b. 5 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
16. **Arnarnesvegur, vegamót við Breiðholtsbraut** (04.9) Mál nr. SN210043
Skjalnr. 5435
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. janúar 2021 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 15. janúar 2021 þar sem erindi Vegagerðarinnar dags. 16. desember 2020 varðandi Arnarnesveg og vegamót við Breiðholtsbraut er sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að vísa erindi í yfirstandandi deiliskipulagsvinnu vegna Arnarnesvegar.
17. **Álfabakki 2A, 2B, 2C og 2D, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.603.6) Mál nr. SN210164
Skjalnr. 13455
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Eignabyggð ehf., Haukdælbraut 100, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 1. mars 2021 um breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðanna nr. 2A, 2B, 2C og 2D sem felst í að lóðirnar verða sameinaðar í eina lóð Álfabakka 2A ásamt því að byggingarreitur verður lengdur til norðurs. Lóðin er verslunar- og þjónustulóð en verður einnig með vöruskemmu, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 1. mars 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2021 samþykkt.

18. **Ellidáaárdalur, deiliskipulag** (04.2) Mál nr. SN190373
Skjalnr. 5813
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. febrúar 2021 þar sem tilgreint er að stofnunin getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins vegna nokkurra atriða sem þarf að skýra nánar og yfirfara, sbr. bréf stofnunarinnar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt greinargerð Landslags ehf. um forsendur deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020 síðast br. 16. nóvember 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020 br. 16. nóvember 2020 og svarbréfi skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021.
Svarbréf skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021 samþykkt.
19. **Gufunes, áfangi 1 - reitur C, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN210161
Skjalnr. 7808
Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
GN Studios ehf., Laugavegi 176, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 1. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir 1. áfanga í Gufunesi vegna kvikmyndaþorps 1, reitur C. Í breytingunni felst skipting lóðarinnar í tvo hluta ásamt frekari skilgreiningum, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 16. febrúar 2021. Einnig er lögð fram greinargerð GN Studios ehf. og Gufuness Fasteignaþróunar ehf. dags. 18. febrúar 2021.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.
20. **Kjalarnes, Esjuberg, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN210177
Skjalnr. 10203
Ístak hf., Bugðuflljóti 19, 270 Mosfellsbær
Lögð fram umsókn Gunnar Arnars Gunnarssonar f.h. Ístaks hf. dags. 5. mars 2021 um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á spildu úr landi Esjubergs á Kjalarnesi. Einnig er lagður fram samningur Ístaks hf. við landeigendur dags. 1. febrúar 2021, greinargerð ódags ásamt fylgiskjöllum og uppdr. ódags. sem sýnir lóðarmörk og efnistökusvæði. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.
21. **Lambhagavegur 33, (fsp) bílgeymsla** (02.645.1) Mál nr. SN210170
Skjalnr. 13676
Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík
Archus slf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 3. mars 2021 ásamt bréfi dags. 3. mars 2021 um að fella bílgeymslu með 37 stæðum inn í landið að Lambhagavegi 33, samkvæmt tillögu Archus slf. dags. 26. mars 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

22. **Norðurgrafarvegur 1 - Kjalarnes,** (34.2) Mál nr. SN210183
Esjumelar, ósk um umsögn - hundahótel Skjalnr.
 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
 Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 8. mars 2021 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna erindis Ragnheiðar Arnardóttur dags. 7. mars 2021 um að reka hundahótel að Norðurgrafarvegu 1 á Esjumelum, Kjalarnesi. Einnig eru lagðar fram teikningar með útskýringum ódags., þrívíddarmyndir og umsögn Guðfinnu Kristinsdóttur forstjóra Dýrfinnu, stjórnanda hundasamfélagsins og stjórnarmeðlim í Félagi Ábyrgðra Hundaeigenda og Dýraverndarsambands Íslands ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Súðarvogur 2E-F, (fsp) breyting á notkun** (01.450.2) Mál nr. SN210114
 Skjalnr. 13656
 Þorleifur Eggertsson, Öldugrandi 3, 107 Reykjavík
 Reitir - þróun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Þorleifs Eggertssonar dags. 10. febrúar 2021 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 2E-F við Súðarvog úr vöru- og verslunarhúsnæði í verslunar- og þjónustukjarna. Einnig er lagt fram bréf Reita fasteignafélags hf. dags. 9. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt.
24. **Úlfarsárdalur, Hólmsheiði, Almannadalur,** (02.6) Mál nr. SN200303
 Skjalnr. 9615
breyting á framkvæmdaleyfi
 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
 Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík
 Lagt er fram bréf Landsnets dags. 1. mars 2021 um breytingu á áður útgefnu framkvæmdaleyfi dags. 4. júní 2020 vegna lagningar 132 kV háspennustrengja, Korpulínu 1 og Rauðvatnslínu 1 ásamt bréfi Hestamannafélagsins Fáks dags. 24. febrúar 2021. Í erindinu kemur fram að Hestamannafélagið Fákur hefur farið fram á að hluti af vinnuslóða við Rauðavatnslínu 1 verði ekki fjarlægður og Fákur fái að nýta vinnuslóðann þar sem undirlag undir nýjan reiðstíg. Breytingin á framkvæmdaleyfinu felst þannig í því að Landsnet sé heimilt að skilja eftir vinnuslóðann og að Fákur fái hann til umráða í því tilgangi að breyta í reiðstíg og beri ábyrgð á honum eftir það. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Samþykkt að gera breytingu á áður útgefnu framkvæmdaleyfi, dags. 4. júní 2020, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
25. **Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli, breyting** (01.363.0) Mál nr. SN210080
 á deiliskipulagi Skjalnr. 6635
 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
 Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. janúar 2021 að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig, Laugarnesskóli. Í breytingunni felst að heimilt verði að fjölga færanlegum kennslustofum um tvær á byggingarreit B auk þess að koma fyrir yfirbyggðu hjólaskýli nyrst á bílastæði Laugarnesskóla. Bílastæðum fækkar við það um 5 bílastæði. Afmarkaður reitur er einnig fyrir hjólastæði við inngang skólans norðanmegin. Ekki er gert ráð fyrir yfirbyggðum hjólastæðum þar. Einnig er lagt fram bréf skólastjóra Laugarnesskóla dags. 30. nóvember 2020 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 1. febrúar 2021.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Kirkjuteigi 18, 19, 21, 23, 25 og 27.
Gullteigi 12 og Silfurteigi 5 og 6.
Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

26. **Sifjarbrunnur 32, Einbýlishús** (50.554.05) Mál nr. BN058884
Skjalnr. 11978
Byggingarfélagið Bogi ehf., Hraungötu 13, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 32 við Sifjarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 1. mars 2021. Stærð: 263,9 ferm., 1.022,1 rúmm. Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
27. **Úlfarsbraut 6-8, Breytt BN057779 - svalir** (26.984.02) Mál nr. BN058837
Skjalnr. 12127
Elvar Örn Þormar, Furugrund 73, 200 Kópavogur
Friðrik Ingi Þráinsson, Lundur 2, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057779 þannig að brunavarnir á vesturhlið eru uppfærðar, formi og stærð suðursvala er breytt og nýjar svalir gerðar yfir inngöngum íbúða til norðurs á parhúsi á lóð nr. 6-8 við Úlfarsbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Stækkun: x.xx ferm. Erindi fylgir ódagsett samþykki eigenda húss nr. 10 og nr. 4 við Úlfarsbraut og yfirlit breytinga á uppdráttum stimpluðum 21. júlí 2021. Gjald kr. 12.100
Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
28. **Keldur, hugmyndir vegna væntanlegs skipulags** (02.999) Mál nr. SN210184
Skjalnr. 9241
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 9. mars 2021 þar sem erindi Úlfars Antonssonar dags. 10. mars 2021, þar sem fram koma hugmyndir vegna væntanlegs skipulags Keldna svæðisins, er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs.
Vísað til skrifstofu umhverfisgæða, náttúru og garða.
29. **Grettisgata 72, Stálsvalir suðurhlið** (11.910.05) Mál nr. BN058697
Skjalnr. 9737
Þorsteinn Lárusson, Barðastaðir 9, 112 Reykjavík
Steinunn Eiríksdóttir, Barðastaðir 9, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir léttum stálsvölum á íbúð 0201 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 72 við Grettisgötu. Einnig er lagður fram tölvupóstur Margrétar Einarsdóttur dags. 9. mars 2021 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt. Gjald kr. 12.100
Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til 24. mars 2021.

30. **Snorrabraut 60, Viðbygging - mhl.02** (11.934.03) Mál nr. BN058929
Skjalnr. 6940
- Feier ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu, mhl.02, til suðausturs við núverandi hús, mhl.01, 4-hæða fjölbýlishús með 35 íbúðum, geymslum í kjallara og verslunar- og þjónusturýmum á jarðhæð á lóð nr. 60 við Snorrabraut.
Stækkun: 3.781,6 ferm., 13.178,5 rúmm. Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.193.4 dags. 10. september 2019, hæðablað teiknað í nóvember 2020, skýrsla verkfræðistofunnar Öruggr um brunahönnun dags. 2. mars 2021 og ódagsett tafla yfir útreiknað leiðnitap byggingarhluta. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Barónsstígur 61, (fsp) svalir** (01.195.2) Mál nr. SN200793
Skjalnr. 14387
- Bára Bryndís Sigmarsdóttir, Barónsstígur 61, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Báru Bryndísar Sigmarsdóttur dags. 14. desember 2020 um að setja svalir á 1. hæð hússins á lóð nr. 61 við Barónsstíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. mars 2021.
32. **Framnesvegur 20-26b, (fsp) svalir eða pallur úr timbri og aðgengi út í garð** (01.133.2) Mál nr. SN210055
Skjalnr. 8339
- Bára Aðalsteinsdóttir, Framnesvegur 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. janúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Báru Aðalsteinsdóttur dags. 20. janúar 2021 um að gera aðgengi út í garð lóðanna nr. 20-26B við Framnesveg sem felst í að setja svalir eða pall úr timbri á 1. hæð húsanna með tröppum út í garð. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt.
33. **Kaplaskjólsvetur 51-59, (fsp) bílskúr** (01.525.1) Mál nr. SN210154
Skjalnr. 6672
- Gylfi Már Geirsson, Kaplaskjólsvetur 59, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Gylfa Márs Geirssonar dags. 25. febrúar 2021 ásamt bréfi dags. 15. nóvember 2020 um að gera bílskúr við vesturgafli endaraðhúss nr. 59 á lóð nr 51-59 við Kaplaskjólveg, samkvæmt uppdráttum (afstöðumynd og skuggavarp) Grétars Arnar Guðmundssonar ark. dags. í nóvember 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Seljavegur 17, (fsp) svalaþakgluggi** (01.133.2) Mál nr. SN210157
Skjalnr. 14427
- Volha Shamkuts, Seljavegur 17, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Volha Shamkuts dags. 23. febrúar 2021 um að setja svalaþakglugga í stað núverandi þakglugga á húsið á lóð nr. 17 við Seljaveg, samkvæmt tillögum/skisum ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

35. **Urðarbrunnur 46, Einbýlishús** (50.546.09) Mál nr. BN058940
Skjalnr. 14425
Bæring Gunnar Steinþórsson, Gautavík 20, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús, einangrað og klætt að utan, með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 46 við Urðarbrunn.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Urðarbrunns 44 dags. 18. febrúar 2021 og minnisblað um sambrunahættu dags. 18. febrúar 2021. Stærð, A-rými: 257,5 ferm., 953,7 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Seljavegur 1, (fsp) uppbygging** (01.130.2) Mál nr. SN210074
Skjalnr. 13910
Maison ehf., Síðumúla 35, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Maison ehf. dags. 27. janúar 2021 ásamt greinargerð dags. 27. janúar 2021 um uppbyggingu á lóð nr. 1 við Seljaveg, samkvæmt uppdr. Studio Granda dags. dags. í nóvember 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt.
37. **Ásvallagata 67, (fsp) innkeyrsla og bílastæði á lóð** (01.139.2) Mál nr. SN210167
Skjalnr. 14424
Atli Kristinsson, Ásvallagata 67, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Atla Kristinssonar dags. 2. mars 2021 um að gera innkeyrslu og bílastæði á lóð nr. 67 við Ásvallagötu, samkvæmt skissu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
38. **Baldursgata 36, ósk um umsögn - rekstur húðflúrstofu** (01.181.3) Mál nr. SN210172
Skjalnr. 10638
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 1. mars 2021 vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir rekstur húðflúrstofu að Baldursgötu 36. Óskað er eftir umsögn um hvort heimilt er að starfrækja húðflúrstofu í húsnæðinu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021 samþykkt.
39. **Bergstaðastræti 81, málskot** (01.196.4) Mál nr. SN210130
Skjalnr. 14403
ALARK arkitektar ehf., Dalvegí 18, 201 Kópavogur
Lagt fram málskot ALARK arkitekta ehf. dags. 12. febrúar 2021 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2020 um að byggja bílgeymslu á austurhluta lóðarinnar nr. 81 við Bergstaðastræti.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
40. **Háaleitisbraut 68, breyting á deiliskipulagi** (01.727.3) Mál nr. SN190565
Skjalnr. 6134
Íshamar ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík
Kristján Bjarnason, Flúðasel 66, 109 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lögð fram umsókn Kristjáns Bjarnasonar dags. 19. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háaleitisbrautar-Hvassaleitis vegna lóðarinnar nr. 68 við Háaleitisbraut. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit við vesturhlið 1. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. ARK-AUST dags. 6. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi frá skrifstofu sviðsstjórna dags. 12. mars. 2021.
Frestað.

41. **Langholtsvegur 115, (fsp) breyting á** (01.414.0) Mál nr. SN210132
deiliskipulagi Skjalnr. 6689
 Rósa Sigrún Jónsdóttir, Langholtsvegur 115, 104 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Rósu Sigrúnar Jónsdóttur dags. 17. febrúar 2021 ásamt bréfi ódags. um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 115 við Langholtsveg sem felst í að loka svölum hússins. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir og tillaga að svalalokun ódags. Fyrirspurnininni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021 samþykkt.
42. **Laugavegur 20B, Útveitingar** (11.715.04) Mál nr. BN058879
 Skjalnr. 6844
 Sir Drinkalot ehf., Pósthólf 500, 121 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að vera með útveitingar fyrir 20 gesti á baklóð veitingastaðar í flokki ll, teg. f, krá, fyrir samtals 114 gesti á 1. hæð verslunar- og þjónustuhúss á lóð nr. 22B við Laugaveg.
 Erindi fylgir umboð eiganda dags 3. mars 2021 sem gildir til 1. apríl 2021, og samþykki lóðarhafa Laugavegi 20A og Klapparstíg 38.
 Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
43. **Laugavegur 21, (fsp) gróðurhús** (01.171.1) Mál nr. SN210163
 Skjalnr. 7136
 Kaffibrennslan ehf., Laugavegi 21, 101 Reykjavík
 Jón Ágúst Hreinsson, Látraströnd 50, 170 Seltjarnarnes
 Lögð fram fyrirspurn Jóns Ágúst Hreinssonar dags. 1. mars 2021 um að koma fyrir ca. 12 fm gróðurhúsi tímabundið á núverandi útisvæði lóðarinnar nr. 21 við Laugaveg. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
44. **Laugavegur 31, Mhl.01 - Breytingar - Lyfta,** (11.720.07) Mál nr. BN058930
gluggar, gólf risi o.fl. Skjalnr. 6845
 S&H Invest ehf., Valhúsabraut 33, 170 Seltjarnarnes
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, sem felst m.a. í að endurnýja lyftu, bæta snyrtiaðstöðu, fjarlægja létta innveggi og gólf milli 4. hæðar og rishæðar auk þess sem gluggar eru endurnýjaðir, þakgluggum er bætt við, kvistir eru stækkaðir og svalir settar á norðurhlið efstu hæðar og bætt er við svölum á norðurhlið efstu hæðar skrifstofuhúss -mhl.01, á lóð nr. 31 við Laugaveg.
 Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir greinargerð Verkfræðistofu Reykjavíkur um breytingar á burðarvirki dags. 1. mars 2021, greinargerð verkfræðistofunnar Öruggr um brunahönnun dags. 2. mars 2021, bréf frá hönnuði dags. 2. mars 2021. og skýringarmynd 002 útg. B00 dags. 1. mars 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
45. **Laugavegur 46, Stækka verslun 1. hæð -** (11.731.02) Mál nr. BN057908
br.hótelíbúðum fl.2 Sbr. BN053640 Skjalnr. 12063
 S&H Invest ehf., Valhúsabraut 33, 170 Seltjarnarnes
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. nóvember 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka verslunarrými á 1. hæð ásamt því að sameina íbúðir efri hæða í eitt fastanúmer og breyta í gististað í flokki ll, tegund b fyrir 14 gesti í húsi á lóð nr. 46 við Laugaveg. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju.
 Erindi fylgir bréf rekstraraðila ódags. Gjald kr. 11.000
Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.

46. **Lágmúli 5, staðsetning ökutækjaleigu** (01.261.3) Mál nr. SN210168
Skjalnr. 6579
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 24. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Hlyns Hreinssonar f.h. Bílaleigu BDT ehf. um að reka ökutækjaleigu að Lágmúla 5. Sótt er um 10 ökutæki til útleigu. Erindi var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
47. **Marargata 7, (fsp) bílastæði á lóð** Mál nr. SN210125
Skjalnr. 12403
Magnús Helgi Árnason, Marargata 7, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Magnúsar Helga Árnasonar dags. 15. febrúar 2021 um að setja tvö bílastæði á lóð nr. 7 við Marargötu. Einnig er lagður fram tölvupóstur Magnúsar Helga Árnasonar dags. 16. febrúar 2021 þar sem til vara er óskað eftir því að setja eitt bílastæði á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2021.
48. **Tryggvagata 11, Breytingar jarðhæð** (11.174.01) Mál nr. BN058861
Skjalnr. 10917
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að endurnýja og breyta gluggum og hurðum á jarðhæð húss á lóð nr. 11 við Tryggvagötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
49. **Safamýri 73, Áður gerð íbúð kjallara** (12.842.05) Mál nr. BN058857
Skjalnr. 8182
Katrín Ingadóttir, Safamýri 73, 108 Reykjavík
Friðrik Ragnarsson Hansen, Safamýri 73, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að skrá áður gerða íbúð í kjallara/jarðhæð, og jafnframt að setja svaladyr á vesturhlið, lækka lóð að hluta við suðurhlið þannig að botnplatan sé fyrir ofan jarðvegshæð fjöleignahúss á lóð nr. 73 við Safamýri. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir reyndarteikningar af 1. og 2. hæð og samþykki nágranna dags. 18. febrúar 2021, teikning 05-02 í A3. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
50. **Vagnhöfði 6, Viðbygging** (40.633.02) Mál nr. BN058927
Skjalnr. 13580
MI 6 ehf, Vagnhöfði 6, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu úr timbri með einhalla þaki við norðvesturenda, breyta innra skipulagi þannig að millipallur er stækkaður og breyta skráningu á 2. hæð í millipall, í húsi á lóð nr. 6 við Vagnhöfða.
Stækkun : XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

51. **Ægisgata 7, (fsp) breyting á notkun** (01.132.0) Mál nr. SN210124
Skjalnr. 10145
M3 fasteignaþróun ehf., Öldugötu 27, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn M3 fasteignaþróunar ehf. dags. 14. febrúar 2021 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 7 við Ægisgötu sem felst í að breyta iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði, samkvæmt tillögu Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. og M3 fasteignaþróunar ehf. dags. 12. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn.
52. **Akurgerði 7, Anddyri - lokun svala - niðurriif** (18.130.04) Mál nr. BN058593
Skjalnr.
burðarveggja o.fl.
Guðmundur Árni Þórisson, Akurgerði 7, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera létt viðbyggingu við anddyri, loka svölum á suðurhlið og fjarlæga útvegg þar fyrir innan, síkka glugga á vesturhlið og gera hurð út á verönd, fjarlæga hluta burðarveggja á neðri hæð auk minni háttar breytingum á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 7 við Akurgerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Stækkun: 5.4 ferm., 13.9 rúmm. Erindi fylgir afrit af aðaluppdrætti stimpluðum 18. nóvember 1953 og yfirlit breytinga á afriti af sömu teikningu. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt.
53. **Bugðulækur 13, (fsp) bílskúr** (01.343.3) Mál nr. SN210148
Skjalnr. 14422
Adam Johan Eliassen, Bugðulækur 13, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Adams Johan Eliassen dags. 19. febrúar 2021 um að setja 40 m² bílskúr á lóð nr. 13 við Bugðulæk, samkvæmt afstöðumynd ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. mars 2021 samþykkt.
54. **Víðimelur 29, Breytingar - BN058043** (15.411.01) Mál nr. BN058853
Skjalnr. 13005
Friðbert Friðbertsson, Nýhöfn 7, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta form/útliti kvists á suð-vesturhlið húss lóðar nr. 29 við Víðimel. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021.
Tilvísun í fyrra erindi: BN058043. Brúttórúmmál var 2.356,7 en verður eftir breytingu 2.356,7, stækkun því 11,0 rúmm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa 12. mars 2021.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 19. mars kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 813.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson,
Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Birkir
Ingibjartsson, Haukur Hafliði Nínuson, Hildur Gunnarsdóttir og Ólafur Melsted.

Ritarar voru Vigdís Þóra Sigfúsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Borgartún 8-16A, breyting á deiliskipulagi** (01.220.1) Mál nr. SN210199
Skjalnr. 5902
Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri
Höfðatorg ehf., Lynghálslí 4, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 11. mars 2021 ásamt bréfi dags. 10.
mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs, með síðari breytingum,
vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Í breytingunni felst aukning á
byggingarmagni ofanjarðar á byggingarreit H3.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Ellidaárvogur, framkvæmdaleyfi** (04.0) Mál nr. SN210209
Skjalnr. 11291
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 15. mars 2021 um
framkvæmdaleyfi vegna 1. áfanga landfyllingar í Elliðaárvogi. Einnig er lagt fram bréf
Verkís dags. 10. mars 2021 ásamt uppdretti dags. 11. mars 2021, álit
Skipulagsstofnunar dags. 17. mars 2017 um mat á umhverfisáhrifum, matsskýrsla
Mannvits dags. í desember 2016 og skýrsla Hafrannsóknarstofnunar dags. í mars 2021
um rannsóknir á laxfiskum í ósi Elliðaáa og Leirvogsár.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Helluland 1-19 2-24, breyting á deiliskipulagi** (01.862.2) Mál nr. SN200789
Skjalnr. 13275
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jakobs Emils Líndals dags.
17. desember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, svæði 2, vegna
lóðarinnar nr. 1-19 2-18 við Helluland. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit
hússins nr. 1-5 við Helluland fyrir viðbyggingu, samkvæmt uppd. ALARK arkitekta
ehf. dags. 16. desember 2020. Einnig er lagt fram samþykki eigenda að Hellulandi 1, 3
og 5 mótt. 28. janúar 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. febrúar 2021 til og með
16. mars 2021. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við
samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

4. **Rauðarárstígur 35-39, (fsp) byggja yfir** (01.244.2) Mál nr. SN210122
Skjalnr. 9313
svalir efstu hæðar hússins
Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík
Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Björns Skaptasonar dags. 12. febrúar 2021 ásamt greinargerð dags. 11. febrúar 2021 um að byggja yfir inndregnar svalir efstu hæðar hússins á lóð nr. 35-39 við Rauðarárstíg og þar með stækka herbergin á efstu hæð, samkvæmt tillögu Atelier Arkitekta ehf. dags. 2. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021, samþykkt.
5. **Vesturlandsvegur, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210196
Skjalnr. 12322
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Í breytingunni felst færsla á skipulagsmörkum á nokkrum stöðum, áætluð akstursundirgöng sunnan Grundarhverfis eru felld niður, almennar stígabreytingar, svæði fyrir hljóðvarnir skilgreindar o.fl., samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Einnig er lögð fram greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla dags. 7. júní 2018, br. 8. mars 2021, hljóðvistarskýrsla Eflu dags. 10. mars 2021 og hljóðvistarkort dags. 1. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1472/2020.
6. **Kjalarnes, Árvellir, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210195
Skjalnr. 10154
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Árvalla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að Esjunni um 8-13 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
7. **Kjalarnes, Hof, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210191
Skjalnr. 10176
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjuhofs á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Esjuhofs hliðrast um 2-3 m til austurs, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

8. **Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210188
Skjalnr. 10151
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Saltvíkur er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, vegna breyttrar legu á nýjum stíg í tengslum við ný undirgögn undir Vesturlandsveg, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
9. **Kjalarnes, Skrauthólar, breyting á deiliskipulagi** (33.2) Mál nr. SN210187
Skjalnr. 10158
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Skrauthóla er færð til austurs um nokkra metra, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, auk þess að stofnstíg er bætt við, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
10. **Kjalarnes, Sætún 1, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210189
Skjalnr. 10219
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sætúns 1 á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Sætúns 1 er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að Vesturlandsvegi færast í lóðarmörk milli svæðis F annars vegar og hins vegar svæða A og B, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 4. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
11. **Kjalarnes, Vallá, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210186
Skjalnr. 10157
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun vesturhluta deiliskipulags Vallá er færð vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
12. **Kollagrunn 2, Klébergsskóli, breyting á deiliskipulagi** (32.484) Mál nr. SN210193
Skjalnr. 10170
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðar Klébergsskóla á Kjalarnesi, Kollagrunn 2. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að skólanum um u.þ.b. 5 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

13. **Almannadalur 17-23, 19 - Svalir** (58.653.01) Mál nr. BN058912
Skjalnr. 12304
Kristín Brynjólfssdóttir, Syðri-Vík, 691
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN036042, þannig að svalir eru lengdar á suðurgafli á hesthúsi nr. 19 á lóð nr. 17-21 í Almannadal.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Arnarnesvegur, skipulagslýsing** (04.9) Mál nr. SN210221
Skjalnr. 5435
Lögð er fram skipulagslýsing verkfræðistofunnar EFLU fh. Reykjavíkurborgar og Kópavogs, dags. 19. mars 2021, fyrir nýtt deiliskipulag Arnarnesvegar 3. áfanga. Fyrirhugað deiliskipulag nær til hluta Arnarnesvegar frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem nær að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Arnarnesvegur sem liggur innan marka skipulagssvæðisins er um 1,9 km að lengd og liggur frá suðaustur hluta Leirdals að grænu opnu svæði norðan Breiðholtsbrautar.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
15. **Gufunes, samgöngutengingar,** (02.2) Mál nr. SN210218
Skjalnr. 7808
skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag
Lögð fram skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021 fyrir nýtt deiliskipulag. Um er að ræða tæplega 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Hafa þarf í huga fyrirhugaða lega Sundabrautar við skipulagsvinnuna. Jafnframt verður Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
16. **Hrossnes 10-16 - Almannadalur, (fsp)** Mál nr. SN210212
Skjalnr.
uppbygging
Hestamannafélagið Fákur, Brekknaás 5, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hestamannafélagsins Fáks dags. 17. mars 2021 ásamt bréfi dags. 16. mars 2021 um að byggja fjögur hesthús og reiðskemmu á lóð nr. 10-16 við Hrossnes í Almannadal.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Jöfursbás 7, Fjölbýlishús - mhl. 01** (22.205.01) Mál nr. BN058863
Skjalnr. 14333
Jöfursbás 7 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. febrúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða steinsteypt fjölbýlishús, einangrað að utan og klætt læstri málmklæðningu, með 29 íbúðum á bílakjallara sem er sameiginlegur með tveimur öðrum húsum á lóð nr. 7 við Jöfursbás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stærð, mhl. 01, A-rými: 2.680,2 ferm., 8.723,2 rúmm. B-rými: 181,7 ferm., 569,8 rúmm. Samtals mhl. 01, 2.861,7 ferm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist deiliskipulagi.

18. **Jöfursbás 9, breyting á deiliskipulagi** (02.220.6) Mál nr. SN210066
Skjalnr. 14406
Júlíus Þór Júlíusson, Þrúðsalir 3, 201 Kópavogur
Hoffell ehf., Þrúðsölum 3, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn Júlíusar Þórs Júlíussonar dags. 25. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfanga 1, vegna lóðarinnar nr. 9 við Jöfursbás. Í breytingunni felst að svalir megi ganga 160 cm út fyrir byggingarlínu á götuhlið, fallið verði frá kröfu um aukna salarhæð á jarðhæðum, svalagangar að götum mega vera 50% að heildarlengd byggingarreits, leyfilegt verði að fækka bílastæðum með samkomulagi um deilibíla, stærðarviðmiðum íbúa breytt, aðalinngangur verður úr sameiginlegum miðgarði, heimilt verði að hafa opin stigahús ef brunahönnun leyfir og fallið verður frá kröfu um inndregna efstu hæð, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 3. febrúar 2021.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
19. **Litlahlíð, framkvæmdaleyfi** (01.7) Mál nr. SN210201
Skjalnr. 14433
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 12. mars 2021 um framkvæmdaleyfi vegna breytingu/ þrengingu á götum í Litluhlíð, gerð undirganga undir Litluhlíð og göngu- og hjólastíg um undirgögn, stígtengingar og stofnlagnir vatns-, hita-, raf- og fráveitu. Einnig er gert ráð fyrir gróðursvæðum, landmótun, lýsingu við götu, stíga og undirgöngum, umferðarljósum, skiltum og merkingum. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. febrúar 2021.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Iðunnarbrunnur 6 og 8, breyting á skilmálum deiliskipulags** (02.693.7) Mál nr. SN210215
Skjalnr. 11765
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 6 og 8 við Iðunnarbrunn. Í breytingunni felst lagfæring á heimiluðu byggingarmagni, samkvæmt tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 18. mars 2021.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
21. **Úlfarsbraut 22-24, 22 - Reyndarteikningar** (26.984.04) Mál nr. BN058990
Skjalnr. 11937
Loftur Birgisson, Úlfarsbraut 22, 113 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN034985, þannig að gerð er grein fyrir að innréttuð hafa verið óuppfyllt rými í kjallara í parhúsi nr. 22 á lóð nr. 22-24 við Úlfarsbraut. Stækkun vegna óuppfyllt rýmis er: XX ferm. XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Úlfarsbraut 100, Fjölbýlishús** (26.985.06) Mál nr. BN058952
Skjalnr.
Selhóll byggingafélag ehf., Seljuskógum 6, 300 Akranes
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sex íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum á lóð nr. 100 við Úlfarsbraut.
Stærð: 688,5 ferm., 1.915,6 rúmm. Erindi fylgir orkureikningur á fylgiblaði, aðaluppdrættir nr. A.01.1, A.01.2, A.01.3, A.01.4, A.02.1, A.03.1 og A.03.2 dags. 3. mars 2021. Gjald kr.12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

23. **Úlfarsbraut 106, Fjölþýlishús** (26.985.09) Mál nr. BN058986
Skjalnr.
- Selhöll byggingafélag ehf., Seljuskógum 6, 300 Akranes
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sex íbúða fjölþýlishús á þremur hæðum á lóð nr. 106 við Úlfarsbraut.
Stærð: 688,5 ferm., 1.915,6 rúmm.
Erindi fylgir orkureikningur á fylgiblaði dags. 4. mars 2021, aðaluppdrættir nr. A.01.1, A.01.2, A.01.3, A.01.4, A.02.1, A.03.1, A.03.2 og A.04.1 dags. 9. mars 2021. Gjald kr.12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
24. **Langholtsvegur 185, breyting á deiliskipulagi** (01.470.4) Mál nr. SN200650
Skjalnr. 14289
- Garðar Axel Torfason, Langholtsvegur 185, 104 Reykjavík
VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. nóvember 2020 var lögð fram umsókn Bjarka Gunnars Halldórssonar dags. 15. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 185 við Langholtsveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 17. september 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Langholtsvegi 183 og 187 og Eikjuvogi 26 og 28.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. sbr. gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
25. **Borgartún og Snorrabraut, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN210165
Skjalnr. 14334
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. mars 2021 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 1. mars 2021 um framkvæmdaleyfi vegna upphækkaðra ljósastýrðra gatnamóta Borgartúns og Snorrabrautar, gerð tengingar Bríetartúns við Snorrabraut og tengingu Bríetartúns að Borgartúni ásamt breytingum á tengingu Hverfisgötu 113 við Snorrabraut og gerð göngu- og hjólastíga. Einnig eru lagðar fram útboðsteikningar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. janúar 2021 og útboðs- og verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. febrúar 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.
26. **Brautarholt 16, (fsp) hækkun húss um tvær hæðir o.fl.** (01.242.3) Mál nr. SN210204
Skjalnr. 6043
- Jóhanna Kristín Björnsdóttir, Stakkholt 4B, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóhönnu Kristínar Björnsdóttur dags. 9. mars 2021 um að hækka hússið á lóð nr. 16 við Brautarholt um tvær hæðir, innrétta sem íbúðir, koma fyrir svölum, stækka glugga og byggja stiga- og lyftuhús og hjóla- og vagnageymslur.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

27. **Bárugata 14, Breyta og hækka mæni og útveggi** (11.362.21) Mál nr. BN058038
Skjalnr. 14209
Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta og hækka mæni og útveggi á þakrými þannig að fáið portbyggð hæð í risi í húsi á lóð nr. 14 við Bárugötu, samkvæmt uppdr. Stáss arkitekta ehf. dags. 30. september 2020. Einnig eru lagðir fram eftirfarandi uppdr. Stáss arkitekta ehf.; götumynd og útlit húss ódags. og skuggavarp ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Friðriks Friðrikssonar dags. 18. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti. Einnig er lagður fram skuggavarpsuppdráttur ódags. mótt 17. mars 2021.
Stækkun: 36.3 ferm., 181.9 rúmm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. október 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. nóvember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. nóvember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt er að framlengja athugasemdafrest til og með 7. apríl 2021.
28. **Mýrargata 18, breyting á deiliskipulagi** (01.116.3) Mál nr. SN210194
Skjalnr. 5342
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 11. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar vegna lóðarinnar nr. 18 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að lóðarmörk Mýrargötu eru rýmkuð um 2 metra til norðurs og 3 metra til austurs auk þess að kvöð um göngustíg á milli Mýrargötu 18 og Mýrargötu 16 er felld niður, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 2. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
29. **Nýlendugata 14, breyting á deiliskipulagi** (01.131.1) Mál nr. SN210190
Skjalnr. 11931
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 11. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlensureits 1.131 vegna lóðarinnar nr. 14 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að hækka þak hússins og að þakhalli verði hærri við Mýrargötu í stað Nýlendugötu. Koma fyrir lyftu í húsinu og að lyftuhús fari út fyrir byggingarreit. gera þakbyggingu á lágbaki núverandi húss. Setja franskar svalir á norðurhlið húss við Mýrargötu og að svalir á suðurhlið húss megi almennt kraga 40 cm út fyrir lóðarmörk, fyrir utan svalir við flóttaleið á 2. hæð sem mega fara 160 cm út fyrir byggingarreit. Handrið á þakvölum vestan megin skal vera inndregið 150 cm frá lóðamörkum, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdráttum THG Arkitekta ehf. dags. 5. mars 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
30. **Víðimelur 46 og 48, (fsp) breytingar vegna þakviðgerða** (01.540.0) Mál nr. SN210208
Skjalnr. 10574
Sigurður Ragnarsson, Víðimelur 46, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Ragnarssonar dags. 15. mars 2021 ásamt greinargerð ódags. um að þakrenna á húsinu á lóðunum nr. 46 og 48 verði færður út fyrir steiptan þakkant.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

31. **Aragata 3, Viðbygging - svalir** (16.301.02) Mál nr. BN058686
Skjalnr. 10737
Áslaug Geirsdóttir, Aragata 3, 102
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að stækka kjallara og gera svalir ofaná þaki hans á suðvesturhorni einbýlishúss á lóð nr. 3 við Aragötu. Erindi var grenndarkynnt frá 15. febrúar 2021 til og með 15. mars 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Helgi Björnsson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir dags. 14. mars 2021 og Ragnheiður Harðardóttir og Jón Scheving Thorsteinsson dags. 15. mars 2021. Viðbygging: 28,2 ferm., 79,2 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 8. janúar 2021 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. nóvember 2020. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Grjótagata 5, breyting á deiliskipulagi** (01.136.5) Mál nr. SN210092
Skjalnr. 6670
Sei ehf., Grundarstíg 8, 101 Reykjavík
Tryggvi Lárusson, Grjótagata 5, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lögð fram umsókn Sei ehf. dags. 2. febrúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grjótagarps vegna lóðarinnar 5 við Grjótagötu. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit og nýtingarhlutfalli lóðarinnar auk þess að heimilt verði að byggja við húsið til vestur sem nemur núverandi viðbyggingu, samkvæmt uppdr. Sei ehf. dags. 18. mars 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 29. janúar 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Grjótagötu 4, 6, 9, 12 og 14, Túngötu 6 (Grjótagötu 7) og Aðalstræti 16.
Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
33. **Sægarðar 1 og 3, breyting á deiliskipulagi** (01.33) Mál nr. SN200616
Skjalnr. 7284
Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 5. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sundahafnar norðan Vatnagarða vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Sægarða. Í breytingunni felst að færa lóðarmörk Sægarða 1 og 3 til suðausturs, stækka lóð Sægarða 3, stækka byggingarreit, hækka hámarkshæð byggingar á lóð Sægarða 1 og færa lagnaleið Veitna, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 2. október 2020. Tillagan var auglýst frá 29. janúar 2021 til og með 15. mars 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Gylfi Gunnarsson og Guðmundur R. Sigtryggsson dags. 12. mars 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Bergþórugata 18, Fjölbýlishús nýbygging** (11.920.20) Mál nr. BN058971
Skjalnr. 14383
Landslagnir ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýlishús með þremur íbúðum úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 18 við Bergþórugötu.
Erindi fylgir brunahönnun frá Örug, verkfræðistofa dags. 12. janúar 2021. Stærð, A-rými: 240,2 ferm., 731,9 rúmm. Stærð B-rými: 7,1 ferm. Samtals: 247,3 ferm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

35. **Kambsvegur 26, (fsp) breytingar vegna fyrirhugaðs bílskúrs** (01.354.1) Mál nr. SN210203 Skjalnr. 14432
Kristinn Már Karlsson, Kambsvegur 26, 104 Reykjavík
Sveinn Óskar Hafliðason, Kambsvegur 26, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristins Márs Karlssonar og Sveins Óskars Hafliðasonar dags. 9. mars 2021 um færslu og stækkun á fyrirhuguðum bílskúr á lóð nr. 26 við Kambsvæg ásamt því að hækka þak skúrsins og setja glugga á norðurhlið, samkvæmt tillögu/skissu á byggingarnefndarteikningum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Suðurgata 35, Ýmsar breytingar** (11.422.01) Mál nr. BN058753 Skjalnr.
Sigurður Hjörtur Flosason, Suðurgata 35, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera breytingar á garðvegg að Skothúsvegi til þess að koma fyrir sorptunnugeymslu og þremur bílastæðum, breyta útliti bílskúrshurðar mhl.02 og gera nýja svalahurð og svalir með aðgengi að garði við suðvesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 35 við Suðurgötu.
Erindi fylgir mæliblað 1.142.2 útgefið 31. janúar 1984 og yfirlit breytinga á skýringaruppráttum Glámu Kím dags. 21. janúar 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Hofsvallagata 55, Skipta upp í tvær eignir - 0201 og 0301** (15.430.02) Mál nr. BN058941 Skjalnr. 11740
Edda Amljótsdóttir, Hofsvallagata 55, 107 Reykjavík
Ingvar Eggert Sigurðsson, Hofsvallagata 55, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að breyta íbúð 0201, sem er á tveimur hæðum, í tvær íbúðir, 0201 og 0301 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 55 við Hofsvallagötu.
Erindi fylgir samþykki eigenda íbúða 0001 og 0101 á afriti af teikn. nr. 1 og 2 dags. 25. febrúar 2021 og mæliblað 1.543.0 síðast breytt 7. ágúst 1978. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
38. **Hraunberg 4, breyting á deiliskipulagi** (04.674.0) Mál nr. SN200714 Skjalnr. 6330
RK Pípulagnir ehf., Lambhagavegi 9, 113 Reykjavík
Nexus arkitektar ehf., Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Ívars Arnar Guðmundssonar dags. 19. nóvember 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Breiðholts III, austurdeild, vegna lóðarinnar nr. 4 við Hraunberg. Í breytingunni felst að bætt er við heimild til að gera íbúðir á efri hæðum, samkvæmt tillögu Nexus arkitekta ehf. dags. 8. desember 2020. Einnig er lögð fram grunmynd Nexus arkitekta ehf. dags. 4. nóvember 2020. Tillagan var auglýst frá 29. janúar 2021 til og með 15. mars 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

39. **Laugavegur 20B, Útveitingar** (11.715.04) Mál nr. BN058879
Skjalnr. 6844
Sir Drinkalot ehf., Pósthólf 500, 121 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að vera með útveitingar fyrir 20 gesti á baklóð veitingastaðar í flokki II, teg. f, krá, fyrir samtals 114 gesti á 1. hæð verslunar- og þjónustuhúss á lóð nr. 22B við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2021.
Erindi fylgir umboð eiganda dags 3. mars 2021 sem gildir til 1. apríl 2021, og samþykki lóðarhafa Laugavegi 20A og Klapparstíg 38.
Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 15. mars 2021, samþykkt.
40. **Laugavegur 21, (fsp) gróðurhús** (01.171.1) Mál nr. SN210163
Skjalnr. 7136
Kaffibrennslan ehf., Laugavegi 21, 101 Reykjavík
Jón Ágúst Hreinsson, Látraströnd 50, 170 Seltjarnarnes
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Ágústs Hreinssonar dags. 1. mars 2021 um að koma fyrir ca. 12 fm gróðurhúsi tímabundið á núverandi útisvæði lóðarinnar nr. 21 við Laugaveg. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og lagt fram að nýju.
Frestað. Fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
41. **Laugavegur 31, Mhl.01 - Breytingar - Lyfta, gluggar, gólf risi o.fl.** (11.720.07) Mál nr. BN058930
Skjalnr. 6845
S&H Invest ehf., Valhúsabraut 33, 170 Seltjarnarnes
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, sem felst m.a. í að endurnýja lyftu, bæta snyrtiaðstöðu, fjarlægja léttu innveggi og gólf milli 4. hæðar og rishæðar auk þess sem gluggar eru endurnýjaðir, þakgluggum er bætt við, kvistir eru stækkaðir og svalir settar á norðurhlið efstu hæðar og bætt er við svölum á norðurhlið efstu hæðar skrifstofuhúss, mhl.01, á lóð nr. 31 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18 mars 2021.
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir greinargerð Verkfræðistofu Reykjavíkur um breytingar á burðarvirki dags. 1. mars 2021, greinargerð verkfræðistofunnar Öruggr um brunahönnun dags. 2. mars 2021, bréf frá hönnuði dags. 2. mars 2021. og skýringarmynd 002 útg. B00 dags. 1. mars 2021. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. mars 2021, samþykkt.
42. **Meðalholt 8, (fsp) - Hurð út í garð - tröppur** (12.451.13) Mál nr. BN058993
Skjalnr.
Sigfús Steingrímsson, Meðalholt 8, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að síkka glugga, gera hurð og tröppur frá íbúð og niður í garð frá íbúð á suðurhlið 1. hæðar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Meðalholt.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

43. **Njálsgata 64, Br. - Lyfta fjarlægð, íbúð á 1. hæð** (11.903.13) Mál nr. BN058862
Skjalnr. 13795
Árogin ehf., Suðurmýri 18, 170 Seltjarnarnes
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja lyftu, gera glugga að porti, koma fyrir fellistiga frá herbergi á 3. hæð og byggja svalir á rishæð húss á lóð nr. 64 við Njálsgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. mars 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. mars 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2021. Stækkun: 3,3 ferm., 6,4 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
44. **Skeiðarvogur 13-23, (fsp) - Breyta í tvö fastanúmer** (14.372.02) Mál nr. BN058997
Skjalnr. 10764
Fjölur Þorsteinsson, Skeiðarvogur 19, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem spurt er hvort leyft yrði að gera íbúð í kjallara raðhúss nr. 19 að séreign á lóð nr. 13-23 við Skeiðarvog. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021
45. **Vagnhöfði 6, Viðbygging** (40.633.02) Mál nr. BN058927
Skjalnr. 13580
MI 6 ehf, Vagnhöfði 6, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. mars 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu úr timbri með einhalla þaki við norðvesturenda, breyta innra skipulagi þannig að millipallur er stækkaður og breyta skráningu á 2. hæð í millipall, í húsi á lóð nr. 6 við Vagnhöfða. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021.
Stækkun : XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021, samþykkt.
46. **Vesturfold 15, Sólskáli** (28.214.05) Mál nr. BN058976
Skjalnr. 14365
Sigurður Rúnar Ívarsson, Vesturfold 15, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólskála við hús á lóð nr. 15 við Vesturfold. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021.
Stækkun: 17,6 ferm., 48,4 rúmm. Stærð eftir breytingu: 235,4 ferm. og 811,5 rúmm.
Erindi fylgja aðaluppdættir nr. 01, 02, 03 og 04. dags. 7. mars 2021. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021, samþykkt.
47. **Bæjarflöt 19, (fsp) breyting á byggingarreitum** (02.578.4) Mál nr. SN210139
Skjalnr. 13881
Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
Þvergil ehf., Hyrjarhöfði 2, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 18. febrúar 2021 um breytingu á byggingarreitum lóðarinnar nr. 19 við Bæjarflöt þannig að þeir verði allir jafnbreiðir ásamt því að setja sameiginlegar svalir á aðra hlið húsanna, samkvæmt uppd. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 12. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021, samþykkt.

48. **Hraunbær 133, (fsp) uppbygging** (04.341.1) Mál nr. SN210197
Skjalnr. 14142
Teiknistofa ark Gylfi G/fél ehf, Vegmúla 2, 108 Reykjavík
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 19. janúar 2021 um uppbyggingu þriggja stakstæðra húsa á lóð nr. 133 við Hraunbæ með 64 íbúðum af fjölbreyttum stærðum, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 15. janúar 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
49. **Þverholt 3, (fsp) - Samþykkja íbúð** (12.410.18) Mál nr. BN058769
Skjalnr. 9287
Kári Eyþórsson, Bandaríkin, Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. febrúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. febrúar 2021 þar sem spurt er hvort íbúð í rými 0301, sem er skráð geymsla F2010492, fengist samþykkt, í húsi á lóð nr. 3 við Þverholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021, samþykkt.
50. **Brúnavegur 13, (fsp) skipting lóðar** (01.351) Mál nr. SN210200
Skjalnr. 8221
Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sjómannadagsráðs dags. 12. mars 2021 ásamt bréfi dags. 10. mars 2021 um að skipta lóðinni nr. 13 við Brúnaveg upp í smærri lóðir.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
51. **Eiðsgrandi til móts við Keilugranda,** (01.5) Mál nr. SN210217
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 5357
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. mars 2021 um framkvæmdaleyfi vegna uppsetningu á listaverki við Eiðsgranda til móts við Keilugranda, vestan megin við dælustöð. Einnig er lögð fram greinargerð og tillaga ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
52. **Kjalarnes, Kalkslétta 1, ósk um umsögn** Mál nr. SN210207
Skjalnr. 10240
Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 12. mars 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Íslenska Gámafélagsins um starfsleyfi fyrir móttökustað fyrir úrgang að Kalksléttu 1 á Kjalarnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðar séu breytingar sem geta komi í veg fyrir starfsleyfi í 12 ár.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
53. **Krókháls 5-5G, staðsetning ökutækjaleigu** (04.323.4) Mál nr. SN210219
Skjalnr. 13660
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 16. mars 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Jovita Marcikonienne f.h. Rijo Campers ehf. um að reka ökutækjaleigu að Krókhálsi 5A, lóð nr. 5-5G við Krókháls.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

54. **Viðarhöfði 2, (fsp) breyting á notkun hússins** (04.077.5)

Mál nr. SN210174
Skjalnr. 7888

RVK MMA ehf., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn RVK MMA ehf. dags. 4. mars 2021 ásamt bréfi og fylgiskjölum dags. 4. mars 2021 um breytingu á notkun rýmis merkt 01 0205 í húsinu á lóð nr. 2 við Viðarhöfða úr iðnaði í heilsurækt og bardagalist.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:05.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir